



BERGLIND GUÐMUNDSDÓTTIR

FRAMKVÆMDASTJÓRI &
SÉRFRÆÐINGUR Í LÍFEYRISMÁLUM

MENNTUN

- M.Sc. í fjárfestingarstjórnun
- B.SC. í viðskiptafræði
- Verðbréfaréttindi

STARFSREYNSLA

- Framkvæmdastjóri Hestamannafélagsins Spretts
- Sérfræðingur/ gæðastjóri í lífeyrismálum hjá Arion banka
- Samskipta- og verkefnastjóri í lífeyrismálum hjá Arion verðbréfavörslu
- Framkvæmdastjóri Reykjavík Bagel Company

Kæru sjóðfélagar

Ég býð mig fram til stjórnarsetu Frjálsa lífeyrissjóðsins þar sem ég tel reynslu mína við störf tengd lífeyrismálum síðustu tvo áratugi geta nýst sjóðnum og sjóðfélögum vel.

Ég bý yfir þekkingu á starfsháttum og rekstrarumhverfi lífeyrissjóða og því laga- og reglugerðarumhverfi sem þeir búa við. Einnig þekki ég til þeirrar ábyrgðar sem stjórnir lífeyrissjóða bera.

Tími og auðlindir eru tarkmörkunum háð og því mikilvægt að hagkvæmni og skilvirkni sé í fyrirrúmi auk vandaðra og faglegra vinnubragða þar sem verkefni eru vel skilgreind og þeim forgangsraðað með markmið lífeyrissjóðsins að leiðarljósi.

Aðgengilegar upplýsingar fyrir sjóðfélaga, góð ávöxtun, hagkvæmni í rekstri og vöxtur sjóðsins eru atriði sem endurspeglar góðan lífeyrissjóð og eru grunnforsendur fyrir því að tryggja sjóðfélögum fjárhagslegt öryggi og sveigjanleika þegar líður að starfslokum.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er traustur og vel rekinn til margra ára og ég hef mikinn áhuga á því að leggja mitt af mörkum til áframhaldandi velgengni sjóðsins með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

Með von um þinn stuðning,

Berglind Guðmundsdóttir